Ályktanir SASS 2026

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 2026

SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Hvolsvelli 29. – 30. Október 2026

1. Heildarályktun ársþings

SUÐURLAND ER EKKI HRAÐBANKI RÍKISSJÓÐS!

Ályktun ársþings Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) mótmælir harðlega sívaxandi álögum ríkisvaldsins á atvinnulíf og samfélög á Suðurlandi og gagnrýnir þann alvarlega skort á heildarsýn og raunverulegu samráði sem einkennt hefur undirbúning og innleiðingu þeirra.

Á sama tíma og ríkisstjórnin boðar umfangsmiklar skattahækkanir og nýjar tekjuöflunaraðgerðir er sérstaklega vegið að þeim atvinnugreinum sem hafa verið undirstaða öflugrar atvinnuuppbyggingar og verðmætasköpunar á Suðurlandi.

Um helming nýrra skatttekna á að sækja í Suðurkjördæmi þrátt fyrir að aðeins rúmlega 9% íbúa landsins búi þar. Slík aðför er óásættanleg!

Náttúrupassi, hækkun virðisaukaskatts á baðlón, kílómetragjald, vegtollar, loftbrú, óvissa um lagaumgjörð lagareldis ásamt fleiri álögum munu hafa alvarlegar afleiðingar á íbúa Suðurkjördæmis og leiða til tekjutaps bæði sveitarfélaga og ríkissjóðs og lakari lífskjara.

Það er alvarleg mótsögn í stefnu stjórnvalda að kalla eftir auknum fjárfestingum, öflugra atvinnulífi og sterkari byggðum en grafa um leið undan þeim markmiðum með sífellt auknum álögum og ófyrirsjáanlegu rekstrarumhverfi.

Ársþing SASS krefst þess að þingmenn Suðurkjördæmis beiti sér, þvert á flokkslínur, fyrir því að afgreiðslu fyrirhugaðra skattahækkana og annarra íþyngjandi breytinga verði frestað þar til óháð og heildstætt mat á samanlögðum áhrifum þeirra á atvinnulíf, fjárfestingar, verðmætasköpun og búsetuskilyrði á Suðurlandi liggur fyrir.

Ársþing SASS gagnrýnir einnig harðlega skort á raunverulegu samráði við sveitarfélögin. Samráð sem hefst eftir að meginstefna hefur verið mótuð og ákvarðanir í reynd teknar getur ekki talist raunverulegt samstarf ríkis og sveitarfélaga.

Ársþing SASS krefst þess að ríkisstjórn Íslands:

1. Falli frá áformum um sérstaka gjaldtöku á Þingvöllum, Gullfossi og Geysi og móti í staðinn samræmda og sanngjarna stefnu um gjaldtöku á ferðamannastöðum í eigu ríkisins á landsvísu.
2. Endurskoði fyrirhugaðar skattahækkanir á ferðaþjónustu, sérstaklega hækkun virðisaukaskatts á baðlón, og meti áhrif þeirra á fjárfestingar, atvinnuuppbyggingu og alþjóðlega samkeppnishæfni greinarinnar.
3. Leggi fram heildstætt og opinbert mat á samanlögðum áhrifum allra fyrirhugaðra skattahækkana og gjaldtöku, sundurliðað eftir landshlutum og miðað við íbúafjölda, atvinnugreinar og verðmætasköpun.
4. Tryggi að tekjur ríkisins af ferðaþjónustu skili sér með sanngjörnum hætti til uppbyggingar innviða á þeim svæðum þar sem álagið verður til. Nú þegar er árlegt skattspor ferðaþjónustunnar um 200 milljarðar og greiðir ferðaþjónustan um 50 milljarða í virðisaukaskatt.

5. Leggi fram frumvarp um lagareldi á vorþingi 2027. Mikilvægt er að þessari nýju atvinnugrein verði tryggð skýr lagaumgjörð og fyrirsjáanleiki.
6. Tryggi raunverulegt samráð við sveitarfélögin frá upphafi stefnumótunar og áður en ákvarðanir sem hafa veruleg áhrif á atvinnulíf og samfélög eru teknar.

Ársþing SASS leggur áherslu á að sunnlensk sveitarfélög og atvinnulíf eru reiðubúin til að axla sanngjarna ábyrgð á uppbyggingu innviða og fjármögnun sameiginlegrar þjónustu. Sú ábyrgð verður hins vegar að byggjast á jafnræði, fyrirsjáanleika og sanngjarnri skiptingu byrða.

2. Ályktanir nefnda

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd

1. Um skattastefnu

Tryggja að skattlagning og önnur gjaldtaka á atvinnulíf og auðlindir landsbyggðarinnar leiði ekki til samdráttar eða minni verðmætasköpunar. Tekjur ríkisins af verðmætasköpun á svæðunum skili sér í auknum mæli til staðbundinnar uppbyggingar.

2. Um hafnir

Stórefla framlög í Hafnarbótasjóð svo unnt verði að ráðast í stór innviðaverkefni í höfnum, einkum í Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn og á Hornafirði, í takt við vaxtartækifæri í sjávarútvegi og lagareldi.

3. Um starfs- og iðnnám

Tryggja aðgengi að starfs- og iðnnámi á Suðurlandi með auknu fjármagni til verknámshúsnæðis og námsframboðs, uppbyggingu heimavistar við Fjölbrautaskóla Suðurlands og betri almenningssamgöngum í dreifbýli.

Samfélagsnefnd

1. Fjármögnun heilbrigðisþjónustu taki mið af fólksfjölgun og þjónustuþörf

Fjármögnun heilbrigðisþjónustu á Suðurlandi taki mið af raunverulegum fólksfjölda og þeim mikla fjölda ferðamanna sem dvelur á svæðinu og eykur þjónustuþörf og álag á HSU.

2. Heimavist við Fjölbrautaskóla Suðurlands

Ríkisvaldið grípi til tafarlausra aðgerða og hefji undirbúning að uppbyggingu nýrrar heimavistar við Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi.

3. Kvöld- og helgarþjónusta heimahjúkrunar í dreifbýli

Tryggja nægt fjármagn svo kvöld- og helgarþjónusta heimahjúkrunar verði veitt á öllu starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

Samantekt ályktana

Umhverfisnefnd

1. Stuðningur við svæðisbundna úrgangsinnviði

Efla verulega styrki til svæðisbundinna úrgangsinnviða, sérstaklega í dreifðum byggðum. Stuðningur nái m.a. til vigtunarbúnaðar, kurlara, þjöppunar- og flokkunarbúnaðar, jarðgerðar og búnaðar vegna dýraafurða, svo byggja megi gjaldtöku og ákvarðanir á áreiðanlegum magngögnum og draga úr flutningskostnaði og umhverfisáhrifum.

2. Landbúnaðarland og sameiginleg svæðisskipulagsvinna á Suðurlandi

Ríkið endurskoði skilgreiningu og nytjareglur friðaðs landbúnaðarlands, þar á meðal lands í gæðaflokki L1, í samráði við sveitarfélög. Sveitarfélögin hefji sameiginlega svæðisskipulagsvinnu um kortlagningu og flokkun landbúnaðarlands á öllu Suðurlandi.

Innviðanefnd

1. Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna innviðaframkvæmda sveitarfélaga

Tryggja fulla endurgreiðslu virðisaukaskatts af lögbundnum innviðaframkvæmdum sveitarfélaga svo fjárhagslegt svigrúm þeirra til nauðsynlegra framkvæmda og viðhalds skerðist ekki.

2. Orkuöryggi og styrking orkuinnviða á Suðurlandi

Hraða uppbyggingu raforku-, flutnings- og dreifikerfis á Suðurlandi og tryggja nægja flutningsgetu, afhendingaröryggi og raforkuframboð. Almenningur og atvinnulíf sæti ekki auknum álögum vegna jarðefnaeldsneytis þegar skortur á raforku eða ónógir innviðir takmarka orkuskipti.

3. Styrking löggæslu og viðbragðsþjónustu á Suðurlandi

Efla löggæslu og viðbragðsþjónustu þannig að mönnun og fjárframlög taki mið af raunverulegu álagi vegna fjölgunar íbúa, ferðamanna og umferðar.

4. Afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati

Alþingi ljúki á komandi vetri lagasetningu um afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati svo nærumhverfi njóti eðlilegs ávinnings af orkuvinnslu.

3. Önnur verkefni og ályktanir í heildarskjalinu

Stjórn SASS – allsherjarnefnd

Allsherjarnefnd taki til starfa að loknu ársþingi og starfi fram að aðalfundi SASS 2027. Hún yfirfari samþykktir samtakanna, sérstaklega ákvæði um val í stjórn.

Stjórn SASS – ályktun

Fjárframlög ríkisins til innviða og opinberrar þjónustu taki mið af raunverulegum fjölda fólks á svæðinu, þar með talið ferðamönnum, sumarhúsabyggð og daglegri umferð, en ekki eingöngu lögheimilisskráðum íbúum.

Stjórn SASS – ályktun

Mótmæli 45% niðurskurði til sóknaráætlana og krafa um að hann verði dreginn til baka.

Tillaga frá Einari Frey Elínarsyni sveitarstjóra Mýrdalshrepps

Tryggja nauðsynlegt fjármagn í sjóvarnir við Vík í Mýrdal til að fyrirbyggja landrof og verja þjóðveg 1 og önnur mannvirki.